



2010

Golfklúbbur Sauðárkróks
Hlíðarendavöllur
550 Sauðárkrókur



[Handbók
vegna barna-
og
unglingastarfs
GSS]



Golfklúbbur Sauðárkróks

Golfklúbbur Sauðárkróks býður upp á metnaðarfulla kennslu og gæðastarf fyrir börn og unglinga þar sem þeim eru skapaðar sem bestar aðstæður til þess að æfa og stunda golf. Unglingaráð fer fyrir barna- og unglingastarfinu og skipuleggur starfið í samstarfi við stjórn GSS. Mikið er lagt í að allir njóti sín á eigin forsendum og að enginn verði útundan.

- Golfkennsla fyrir börn og unglinga hefst miðvikudaginn 9.júní og lýkur í fyrstu viku í ágúst mánaðar. Síðan verður uppskeruhátíð í ágúst eða í byrjun september.
- Svæðið er opið frá kl:10 :00 – 15:00 frá mánudegi til fimmtudags. 7-10 ára eru frá kl.10:00 – 12:00 en eldri iðkendur eru til kl.15:00. Leiðbeiningar á golfsvæðinu eru aðeins fyrir hádegisdag þessa daga en eftir hádegisdag er ætlast til að spilað sé úti á velli eða unnið sjálfstætt eftir æfingaáætlun.
- Á föstudögum er svæðið opið frá kl. 10:00 en ekki er neinn golfskóli þá nema þegar golfkennarinn er á svæðinu og er það auglýst sérstaklega.
- Gjald er kr. 15.000 fyrir 12 ára og yngri, kr. 18.000 fyrir 13-15 ára og kr. 23.000 fyrir 16-19 ára.
- Hægt er að millifæra gjaldið á eftirfarandi reikning:

Golfklúbbur Sauðárkróks

kt.: 570884-0349, banki: 0310-26-2106

Eða semja við gjaldkera um annað greiðslufyrirkomulag.





Tilkynningar og fréttir er hægt að lesa á síðunni gss.blog.is og svo erum við líka á facebook – „Unglingastarf Golfklúbbs Sauðárkróks“

STJÓRN GSS 2010

Formaður : Pétur Friðjónsson 825 4523 -
petur@saudarkrokur.net

Varaform.: Unnar Ingvarsson 892 6640 -
skjalasafn@skagafjordur.is

Ritari: Dagbjört Hermundsdóttir,
daddy@visir.is

Gjaldkeri: Ragnheiður Matthíasdóttir,
rama@arskoli.is

Aðrir í stjórn:

Björn Sigurðsson (formaður vallarnefndar)

Guðni Kristjánsson (formaður mótanefndar)

Hjörtur Geirmundsson (formaður unglingaráðs)

UNGLINGARÁÐ GSS 2010

Hjörtur Geirmundsson, formaður hjortur@fjolnet.is –
8217041

Árný Árnadóttir
arnyl@simnet.is – 8499420

Kári H. Árnason
kari.arnason@ks.is

Kristján Jónasson
kjonasson@kpmg.is

Þjálfarar/kennarar:

Golfklúbbur Sauðárkróks – Hlíðaren



www.gss.blog.is – www.gss.blog.is – www.gss.blog.is – www.gss.blog.is





Örn Sölvi Halldórsson
orn@brunamal.is – 8955858

Árni Jónsson - 8639619

NOKKUR ORÐ FRÁ BARN- OG UNGLINGARÁÐI GSS

Það er von okkar í unglíngaráði GSS að þetta kver geti nýst þátttakendum í Golfskólanum og foreldrum til að setja sig inn í dagsskrá sumarsins.

Einnig vonum við að foreldrar sjái sér fært að aðstoða okkur við starfið í sumar þá sérstaklega þegar mót og uppákomur verða á vegum barna- og unglíngaráðsins, eins þiggjum við allar hugmyndir og aðstoð við að ná inn fjármagni til að standa straum að kostnaði við starfseminna.

Undirritaður vill taka fram að við sem komum að þessu starfi í nafni GSS gefum vinnu okkar og fara því allir fjármunir í reksturinn.

Við höfum verið með inniaðstöðu í gömlu bílabúð KS frá því í febrúar og var opið þar tvisvar í viku. Við þökkum Sveitarfélaginu sérstaklega fyrir afnotin af þessu húsnæði. Þá hafa einnig verið útiæfingar á sunnudögum í maí.

Það er ljóst að í sumar verður mikið um að vera má þar sérstaklega nefna Norðurlandsmótaröðina og í þeirri röð er stærsta mót síðustu sumur, NÝPRENT-OPEN.

Það verða ýmsar uppákomur í sumar og munum við gera okkar besta til að Golfskólinn skili árangri og umfram allt að þátttakendur njóti þess að stunda golfípróttina.

Með golf- og sumarkveðju,

Hjörtur Geirmundsson,
Formaður barna- og unglíngaráðs GSS





GOLFKENNSLAN

Ljóst er að golfskólinn verður með öðru sniði heldur en í fyrra þar sem að við náðum ekki að ráða golfkennara til að vera í fullu starfi hjá okkur. Golfkennslan verður því á því formi að Örn Sölvi Halldórsson kemur til okkar aðra hverja helgi og verður á föstudögum og mánudögum með golfskólann ásamt því að sinna golfkennslu fyrir almenna félagsmenn golfklúbbsins. Fyrsta heimsókn hans var einmitt dagana 4.-7.júní og sú næsta verður 18.-21.júní.

Hann mun setja upp æfingaáætlun fyrir þá kylfinga sem eru eldri og lengra komnir og mun það allt verða birt á heimasíðu okkar. Einnig mun hann setja upp æfingaáætlun fyrir yngri iðkendur golfskólans, en Arnar Geir Hjartarson og Pröstur Kárason munu sjá um að fylgja henni eftir með þessum ungu iðkendum sem eru í golfskólanum á milli kl.10 og 12 mánudaga til föstudaga. Þar á milli munum við fá Árna Jónsson til að kíkja á okkur og aðstoða einhverja daga. Það er því sérstaklega mikilvægt að sem flestir komi í golfskólann þá daga sem að við verðum með golfkennarna hjá okkur og munum við auglýsa þessar heimsóknir þeirra sérstaklega vel. Það þarf ekki að fjölyrða um það hversu gott það er fyrir okkur að fá þá Örn Sölva og Árna til liðs við okkur þar sem að þeir eru margreyndir í störfum sínum með unglinga í gegnum tíðina.

Haukur Skúlason hefur verið ráðinn til golfklúbbsins til að vera með utanhald á því starfi sem verður hjá klúbbsnum varðandi golfskólann ásamt Unglingaráði klúbbsins. Eins og áður segir munu eldri unglingar okkar koma til með að sjá um leiðbeiningu við yngri iðkendur þegar golfkennari er ekki á svæðinu. Einnig munu iðkendur í gegnum SumarTím verkefnið koma til okkar alla

Golfklúbbur Sauðárkróks – Hlíðarendavelli - 550 Sauðárkróki. gss.blog.is





mánudaga-fimmtudaga milli kl. 08:00 og 10:00 í júní og júlí og munu þessir sömu unglingar okkar sjá um golfkennslu og leiðbeiningar við þau.

Þetta fyrirkomulag kallar á meiri aga við æfingar hjá eldri/lengra komnu kylfingum okkar og því viljum við benda öllum á að kaupa sér vasabók sem hægt er að hafa í vasanum eða golfsettinu og blýant til að skrifa í ýmis hagnýt atriði sem að viðkemur golfkennslunni. Golfkennari fer yfir notkun bókarinnar með kylfingunum.

Einnig er mikilvægt að kynna sér vel þær almennu hegðunar-og golfreglur sem að er að finna á heimasíðu unglिंगastarfs golfklúbbsins gss.blog.is

Það er von okkar að við getum öll átt ánægjulegt golfsumar.



HLUTVERK UNGLINGARÁÐS.

Pað:

- Veitir umsögn um samninga við þjálfara/leiðbeinendur samkvæmt beiðni stjórnar GSS
- Fundar reglulega með þjálfurum og fær fréttir af barna- unglिंगastarfinu, s.s. fjölda iðkenda, aldursdreifingu, kynjaskiptingu og nafnalista
- Hvetur til þess að iðkendur setji sér raunhæf markmið varðandi framgang í golfíþróttinni
- Hynnir barna- og unglिंगastarf GSS fyrir foreldrum og heldur foreldrafundi
- Undirbýr og skipuleggur unglिंगamót í samvinnu við þjálfara
- Sér um skipulagningu uppskeruhátíðar
- Skipuleggur ferðir á mót með þjálfara í samvinnu við foreldra, m.a. útvegar gistingu vegna sveitakeppni og sér um aðföng
- Skipuleggur heimsóknir á nágrannavelli með þjálfara í samvinnu við foreldra
- Sér um skipulagningu fjáraflana
- Formaður nefndarinnar er tengiliður inn í stjórn GSS og flytur ársskýrslu á aðalfundi
- Ritari skráir fundi í fundagerðabók

HLUTVERK ÞJÁLFAFA.

Hann:

- Sér til þess að allir njóti sín á æfingum og á mótum enda séu þeir fullgildir aðilar að GSS
- Er hvetjandi og uppbyggjandi við hina ungu kylfinga jafnt þegar vel gengur og á móti blæs
- Fylgist með gengi barnanna/unglinganna og hefur samband við foreldra þegar þurfa þykir í samráði við unglिंगaráð
- Heldur uppi jákvæðum aga á æfingum og á mótum og gætir þess að hafa stjórn á skapi sínu innan um börnin/unglingana eða þar sem þeir sjá og/eða heyra til þar sem hann er fyrirmynd barnanna í golfíþróttinni





- Heldur utan um hópinn á mótum þar sem hann hvetur og styður krakkana

ALMENNAR HEGÐUNARREGLUR:

- Iðkendur og þjálfarar skulu ávallt koma fram af kurteisi og virðingu.
- Klæðst skal snyrtilegum fatnaði
- Iðkendum ber að fara eftir fyrirmælum þjálfara síns og vallarstjóra eins og þeim er framast unnt.
- Iðkendum og þjálfara ber að sýna meðspilurum sínum og þeirra aðstoðarfólki / þjálfurum almenna kurteisi.
- Iðkendur og þjálfarar skulu mæta stundvíslega á æfingar og nota tímann vel.
- Iðkendur og þjálfarar skulu kappkosta við að ganga vel um alla aðstöðu golfklúbbsins, skála, skýli, æfingasvæðið og golfvöllinn sjálfan.
- Kyllingum ber að setja torfusnepla í för og laga boltaför á flötum.
- Kyllingum ber að halda eðlilegum leikhraða.
- Ekki skal fara með golfpoka eða kerrur inn á flatir eða teiga.
- Ef iðkendur eða þjálfarar verða uppvísir að því að brjóta þessar reglur eða aðrar sem eru í gildi í það skiptið hjá GSS mun unglingaráð/stjórn GSS fjalla um málið.



STYRKARÆDILAR AÐ BARNA- OG UNGLINGASTARFI GSS



2010

Júní:

- 4. júní – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar
- 7. júní – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar
- 8. júní – Foreldrafundur
- 9. júní – Golfskólinn hefst
- 10.-13.júní - Golfævintýrið á Dalvík
- 13. júní – Norðurlandsmótaröðin, Intersport mótið á Dalvík
- 18. júní – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar
- 21. júní – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar

Júlí:

- 2.júlí – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar
- 4.júlí – Norðurlandsmótaröðin, NÝPRENT OPEN
- 5.júlí – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar
MEISTARAMÓT – dagsetning óákv.
- 16.júlí – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar
- 19.júlí – Örn Sölvi golfkennari verður með æfingar
- 27.júlí – Norðurlandsmótaröðin, Ólafsfjörður
- 30.-31.júlí Unglingalandsmót UMFÍ- Borgarnesi

Ágúst:

- 10.ágúst Norðurlandsmótaröðin, Húsavík – sveitakeppni
- 19.-22.ágúst Sveitakeppni GSÍ
- 29.ágúst Norðurlandsmótaröðin, Akureyri – lokamót

Þá verða einnig vikuleg mót á miðvikudögum í sumar, það fyrsta verður miðvikudaginn 16.júní.





NORÐURLANDSMÓTARÖÐIN

Reglur um barna- og unglingamótaröð á Norðurlandi
2010

1. Barna – og unglingamótaröð á Norðurlandi.

Eftirfarandi golfklúbbar eru aðilar að mótaröðinni:

- Golfklúbbur Akureyrar
- Golfklúbbur Dalvíkur
- Golfklúbbur Húsavíkur
- Golfklúbbur Ólafsfjarðar
- Golfklúbbur Sauðárkróks
- Golfklúbbur Siglufjarðar

Fjögur mót eru haldin á sumri hverju og er ákveðið að hausti hvað af eftirfarandi klúbbum halda mótin sumarið eftir. Markmiðið er þó að síðasta mót sumarsins sé haldið að Jaðri hjá Golfklúbbi Akureyrar.

2. Aldursflokkar verða eftirfarandi

- a) Unglingar 17-18 ára (stráka- og stelpuflokkur) spila 18. holur, strákar af gulum teigum og stelpur af rauðum teigum
- b) Unglingar 15-16 ára (stráka- og stelpuflokkur) spila 18 holur, strákar af gulum teigum og stelpur af rauðum teigum.
- c) 14 ára og yngri sem að spila 18 holur af rauðum teigum, bæði strákar og stelpur.
- d) 12 ára og yngri sem að spila 9 holur af rauðum teigum, bæði strákar og stelpur.
- e) Byrjendaflokkur, strákar og stelpur (mega vera á öllum aldri) spila á sérvöllum, jafnvel völlum uppsettum á æfingasvæðum klúbbanna ef svo ber undir. Geta spilað 6-12 holur og það er í raun í valdi hvers klúbbs hvernig framkvæmdin verður.

Stefnt er að því að á 9 holu völlum verði ræst út í tvennu lagi þannig að eldri flokkarnir ræsi fyrst um



morguninn og klári sína keppni áður en að yngri flokkum ljúki.

Mótsstjórn áskelur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir. Miðað er við fæðingarár barna þannig er elsti flokkurinn miðaður við keppendur fædda 1992-1993 o.s.frv. Vegna sérstakra aðstæðna verður heimild að stytta keppni, t.d. vegna veðurs eða mikils fjölda keppenda.

3. Stigagjöf.

- 4 mót haldin á hverju sumri
- 3 bestu mót hvers einstaklings telja.

1. sæti í hverjum flokki 20 stig
 2. sæti í hverjum flokki 17 stig
 3. sæti í hverjum flokki 14 stig
 4. sæti í hverjum flokki 12 stig
 5. sæti í hverjum flokki 10 stig
 6. sæti í hverjum flokki 8 stig
 7. sæti í hverjum flokki 6 stig
 8. sæti í hverjum flokki 5 stig
 9. sæti í hverjum flokki 4 stig
 10. sæti í hverjum flokki 3 stig
- Aðrir fá tvö stig fyrir þátttöku í mótinu

Í aldursflokkunum skal keppt höggleikur án forgjafar.

Mótin sem að sett hafa verið niður fyrir sumarið 2010 eru:

- 13. júní Dalvík
- 4. júlí Sauðárkrókur
- 27. júlí Ólafsfjörður
- 29. ágúst Akureyri - lokamót

Að auki er stefnt að því að halda sveitakeppni á milli klúbbanna í sömu aldursflokkum og keppt er í sveitakeppnum GSÍ þ.e. 15 ára og yngri og 18 ára og yngri. Þetta mót verður haldið á Húsavík - 10. ágúst.



Skráning skal verða á netinu í þessum mótum og skal henni lokið eigi seinna en tveimur dögum fyrir mót til að tími gefist til að undirbúa framkvæmd mótsins.

AÐALSTYRKARADILI MÓTSINS Á SAUÐÁRKRÓKI



EINKAKENNSLA Í GOLF:

Í samráði við Örn Sölva golfkennara er hægt að fá einkatíma í golfkennslu með því að hringja í síma: 8955858. Einnig verður hægt að skrá sig í golfskála.

Jafnframt verður boðið upp á námskeið fyrir byrjendur í sumar.



GOLFVÖRUR

Skagfirðingabúð býður félögum í GSS 20% afslátt af golffatnaði frá ZO ON. Hægt er að fá merki félagsins saumað í fatnaðinn, en taka ber fram að greiða þarf sérstaklega fyrir þá þjónustu.

Einnig er verslunin með á boðstólnum kylfusettt frá US-KIDS fyrir börn og unglina.



Við ráðleggjum foreldrum að velja rétta stærð af golfkylfum og er best að gera það í samráði við þjálfara.

